



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN FORSETA ÍSLANDS OG HEIÐURSVIÐURKENNING

Útflutningsverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, miðvikudaginn 10. apríl kl. 15:00. Einnig verður afhent sérstök heiðursviðurkenning til einstaklings sem aukið hefur hróður Íslands á erlendri grundu.

Friðrik Pálsson formaður úthlutunarnefndar tilkynnir hvaða einstaklingur hlýtur sérstaka viðurkenningu. Þegar handhafi heiðursviðurkenningarinnar hefur tekið við henni lýsir formaður úthlutunarnefndar hvaða fyrirtæki hlýtur Útflutningsverðlaunin og forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhendir þau. Þá verður afhjúpað listaverk sem verðlaununum fylgir. Höfundur verksins er Sigrún Ólöf Einarsdóttir glerlistarmaður.

Í dómnefnd vegna verðlaunanna sátu að þessu sinni Björgólfur Jóhannsson frá Landsnefnd Alþjóða verslunarráðsins, Ingjaldur Hannibalsson frá viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, Friðrik Pálsson frá Íslandsstofu, Þórunn Sveinbjörnsdóttir frá Alþýðusambandi Íslands og Örnólfur Thorsson frá embætti forseta Íslands.

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir verðlaunaveitinguna. Æskilegt er að þeir mæti í tæka tíð og taki tillit til þess í klæðaburði að um hátíðlega athöfn er að ræða.

10. apríl 2013

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Brynja Berndsen Bjarkadóttir (849 8425) hjá Íslandsstofu.